Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. flokkur | Sorphreinsunargjald | kr. 9.700 á íbúð/m.v. 1 poka á viku |
| 2. flokkur | Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki | kr. 4.850 |
| 3. flokkur | Sorpeyðingargjald, sumarhús | kr. 3.400 |
| 4. flokkur | Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum) | kr. 9.700 |

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2004.

*F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 23. janúar 2004.*

**Ágúst Ingi Ólafsson** sveitarstjóri.

10. febrúar 2004 Nr. 190

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir byggingarleyfisgjöld í Reykjavík nr. 876/2001.**

1. gr.

Við A-lið 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Komi sama byggingarleyfisumsókn til umfjöllunar byggingarfulltrúa eða skipulags- og byggingarnefndar þriðja sinni skal greiða lágmarksgjald að nýju.

2. gr.

Breyting þessi, sem samþykkt er af borgarráði Reykjavíkur með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 10. febrúar 2004.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,

**Þórólfur Árnason.**